

## 24. Frumvarp

til laga um kirkjugarða.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

### 1. gr.

Í kirkjugörðum þjóðkirkjunnar á hver maður rétt til legstaðar þar í sókn, sem hann andast, hefur átt lögheimili eða óskað legstaðar. Sjóreknir menn og drukknadir eiga legstað þar, er þeir eru á land fluttir, og þeir, er á fjöllum eða öræfum andast, þar í sókn, er þeir eru fyrst fluttir til byggða.

### 2. gr.

Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn biskups.

Sóknarnefnd hefir á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

### 3. gr.

1. Skytt er sveitar- eða bæjarfélagi því, er liggur innan sóknar, að leggja til ókeypis hæfilegt kirkjugarðstæði eða grafreit, svo og hleðslu- eða steypuefni — sand og mól — í girðingu, þó svo, að kvaðir þær, er þegar eru á jörðum og lóðum, þar sem kirkjugarðar standa, haldist óbreyttar.
2. Þar, sem ekki er völ á nægilega þurrum eða djúpum jarðvegi til kirkjugarðsstæðis, skal sveitar- eð bæjarfélagið kosta framræslu eða uppfyllingu landsins, svo að unnt verði að taka nægilega djúpar grafir og vatn standi ekki í gröfum.
3. Þar, sem kirkja er ekki í kirkjugarði, leggur sveitar- eða bæjarfélag veg frá kirkju að kirkjugarði og heldur honum akfærum. Ennfremur leggur sveitar- eða bæjarfélag til ókeypis hæfilegan ofaniburð i götur og gangstiga kirkjugarðs, ef þess er krafizt.
4. Í kaupstöðum og kaптúnun sér sveitar- eða bæjarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðri í kirkjugarðinum, úr vatnspípum innan garðs, þar sem við verður komið, eða úr brunni í nánd, þar sem engin óhollusta getur af honum stafað.
5. Nú hafa fleiri en eitt sveitarfélag, eða bæjarfélag og hreppur eða hreppshluti, sameiginlegan kirkjugarð, og skal þá skipta kostnaðinum niður á hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög, eða hluta þeirra, eftir mannfjölda í hverju þeirra fyrir sig.
6. Heimilt er, með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi hentuga lóð undir kirkjugarð, samkv. lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.
7. Rétt er sóknarnefnd, ef óhæfilegur dráttur verður á framkvæmd þeirra verka, er getur í 2. gr. og 3. lið þessarar greinar, að taka sjálf að sér fram-

kvæmd þeirra að nokkru eða öllu leyti. Gerir hún þá reikning yfir kostnaðinn að verkinu loknu, en bæjar- eða sveitarstjórn kýs mann til að endurskoða reikninginn og sætir reikningurinn úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, ef ágreiningur verður. Sveitar- eða bæjarstjórn greiðir síðan reikninginn innan mánaðar frá því endurskoðun hefir farið fram.

#### 4. gr.

Sóknarmönnum er skylt að koma upp og halda við fjárheldri og viðeigandi girðingu um kirkjugarð sinn, með steinlimdu hliði og vandaðri grind, sem hægt er að tvílæsa.

#### 5. gr.

Þegar girða þarf grafreit, gamlan eða nýjan, gerir lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur ályktun um fyrirkomulag girðingar og efni hennar. Girðing skal vera úr vel hlöðnu grjóti, steinsteypu eða öðru sæmlegu efni, að dómi prófasts.

Nú er kirkjugarður fjarri kirkju; skal þá vera klukka í sáluhliði eða líkhúsi til hringingar.

#### 6. gr.

Sóknarnefnd sér um framkvæmd verksins við girðingu grafreita, samkvæmt því, er fyrir er mælt í lögum þessum. Að verkinu loknu gerir sóknarnefnd reikning yfir kostnaðinn og sætir hann úrskurði héraðsfundar.

#### 7. gr.

Lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur tekur ákvarðanir um hvenær taka skal upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, enda komi samþykki prófasts til.

Nú sýnir söfnuður vanrækslu í þessu efni, skipar prófastur þá fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs, telji hann garðinn eigi lengur greiftrunarhæfan. Skjóta má úrskurði prófasts til biskups.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal sóknarnefnd leita álits héraðslæknis og fá vottorð hans um að kirkjugarðsstæði sé valið samkvæmt heilbrigðisreglum. Síðan skal hún gera uppdrátt í 3 eintökum að fyrirhuguðum kirkjugarði, eða viðbót. Skulu þar markaðir aðalgangsstigir ekki mjórri en  $1\frac{1}{2}$  m. og aðrir stigir ekki mjórri en  $1\frac{1}{4}$  m. og öllu skipulagi garðsins vel fyrir komið. Mælikvarði uppdráttu þessara skal vera 1 á móti 200.

Sendir síðan sóknarnefnd uppdrætti þessa, ásamt vottorði héraðslæknis, biskupi til staðfestingar, ásamt umsögn sóknarprests og prófasts.

Vilji biskup ekki samþykkja uppdrætti þessa, ber hann málið undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið, er leggur á það úrskurð að fengnu áliti sérfróðs manns um skipulag kirkjugarða.

Nú vill ráðuneytið ekki samþykkja uppdrátt og lætur það þá sérfróðan mann gera nýjan skipulagsuppdrátt í 3 eintökum og sendir biskupi.

Geymir síðan biskup uppdráttinn, en sóknarprestur og sóknarnefnd hvorn hinna.

#### 8. gr.

Sóknarnefndir skulu, innan árs frá því, er lög þessi öðlast gildi, láta gera uppdrætti að kirkjugörðum þeim, sem nota má til nokkurrar frambúðar, að dómi prófests. Skal mælikvarði uppdráttu þessara vera hinn sami sem að nýjum görðum. Þar skal marka fyrir legsteinum og að minnsta kosti öllum nýjustu leiðum.

Kallar prófastur eftir uppdráttum þessum í tæka tíð og sendir biskupi.

Lætur kirkjustjórnin þá sérfróðan mann gera tillögur um, hvernig skipulagi hvers kirkjugarðs verði hezt fyrir komið til frambúðar og gera uppdrætti þar að lútandi. Og fer um þá síðan sem um uppdrætti að nýjum görðum.

#### 9. gr.

Sóknarnefndir skulu annast um að greftrun sé hagað samkvæmt staðfestum uppdrætti, enda er ekki heimilt að taka gróf annarsstaðar í kirkjugarði en þar, sem sóknarnefnd eða umboðsmaður hennar leyfir.

Bannað er að taka gróf innan kirkju.

Jafnóðum og grafið er, skulu leiðin mörkuð á uppdrætti sóknarnefndar og tölusett. En nafn hins jarðaða og greftrunardag ber að setja á legstaðaskrá, er fylgja skal uppdrættinum.

Sóknarprestur skal a. m. k. einu sinni á ári tölusetja á uppdrætti sínum ný leiði samkvæmt uppdrætti sóknarnefndar.

#### 10. gr.

Grafir skulu vera svo djúpar, að a. m. k. fullur meter sé frá kistuloki á grafarbarm. Skyldur er sá, er gróf lætur taka, að ganga vel frá legstaðnum svo fljótt, sem við verður komið, og færa burt úr garðinum grjót og mold, ef ekki er allt látið aftur ofan í gröfina. Sé þetta vanrækt, lætur sóknarnefnd, eða umboðsmaður hennar, gera verkið á kostnað hlutaðeiganda.

#### 11. gr.

1. Sóknarnefnd er skylt að annast um að allar götur og gangstígar garðsins séu snyrtilegir og vel við haldið. Skal hún sjá um að garðurinn sé sleginn, en þó með varúð, og að skepnur komist þar alls ekki inn.
2. Hlutaðeigendum ber að annast um að legstaðir séu jafnan vel og smekklega hirtir.
3. Vanræki hlutaðeigendur skyldur sínar samkvæmt 2. lið, skal sóknarnefnd eða umboðsmaður hennar halda leiðum við og hreinsa af þeim illgresi á kostnað þeirra hlutaðeigenda, er til næst, en ella á kostnað kirkjugarðsins.
4. Hlutaðeigendum er skylt að halda við girðinguna og legsteinum á leiðum. En sé það vanrækt þrátt fyrir aðvörun sóknarnefndar, er henni heimilt að láta slétta yfir legstaðinn og flytja ónýtar eða óviðeigandi

girðingar burtu, en setja slíka legsteina í skipulega röð á þeim stað í garðinum, er prófastur telur bezt fara á.

#### 12. gr.

Rétt er sóknarnefnd að banna grafkapellur í kirkjugörðum, nema í sérstökum röðum og gegn gjaldi, sem ákveða má í reglugerð. Henni er og heimilt að setja reglur um fyrirkomulag girðinga um leiði, svo að sem bezt samræmi verði í garðinum.

Þar, sem líkbrennsla fer fram, en menn vilja þó geyma duftker með bálfararleifum í kirkjugarði, getur sóknarnefnd ákveðið, að kerin skuli grafin í sérstökum röðum, eða geymd í grafkapellum, er bæjarstjórn eða bálfararfélög reisa innan kirkjugarðs í því skyni. Hefir þá sóknarnefnd allar hinar sömu skyldur til eftirlits með viðhaldi grafkapellu og varðveislu bálfararleifa sem með einstökum leiðum í kirkjugarði.

#### 13. gr.

1. Sóknarnefnd er heimilt, með samþykki safnaðarfundar, að ráða sérstakan umsjónarmann kirkjugarðs og greiða honum þóknun fyrir starf sitt.
2. Hefir umsjónarmaður þá allt eftirlit með kirkjugarðinum á hendi, undir yfirumsjón sóknarnefndar og á ábyrgð hennar, og gefur hún honum erindisbréf.
3. Sóknarnefnd getur falið umsjónarmanninum að taka allar grafir garðinum gegn ákveðnu gjaldi.
4. Einnig getur sóknarnefnd falið umsjónarmanni árlegt viðhald legstaða fyrir einstaka menn, er þess óska, og setur hún honum þá gjaldskrá.
5. Í kaupstöðum getur lögmætur eða ályktunarfær safnaðarfundur veitt sóknarnefndinni, fyrir hönd kirkjugarðsins, einkaheimild til að nota líkvagna við jarðarfarir gegn hæfilegu gjaldi, sem rennur í sjóð kirkjugarðsins.

#### 14. gr.

Sóknarnefndir skulu stuðla að því, að legstaðir séu smekkvíslega prýddir, með blómplöntum þeim, er bezt þola veðráttufar landsins. Ber þeim í því skyni að sjá um eða fela manni innan sóknar fyrir sína hönd að annast fyrir þá, er þess óska, útvegum skrautplatna til gróðursetningar á leiðum.

#### 15. gr.

Skógræktarstjórn landsins skal skylt að láta sóknarnefndum í té trjáplöntur til gróðursetningar meðfram girðingum kirkjugarða að innanverðu og meðfram gangstígum innan garðs. Skulu trjáplöntur þessar látnar ókeypis.

Ræktunarstöðvum, sem styrktar eru af almannafé, er skylt að láta sóknarnefndum, eða umboðsmönnum þeirra, í té blóma- og trjáplöntur til gróðursetningar á leiðum gegn vægu gjaldi.

16. gr.

Nú eru í einhverju prestakalli fullur  $\frac{1}{3}$  hluti íbúa í utanþjóðkirkjusöfnuði, er hefir safnaðarstjórn og prest, eða forstöðumann, er hlotið hefir staðfestingu ráðherra. Skulu þá sóknarnefnd þjóðkirkjusafnaðar og safnaðarstjórn slíks safnaðar kjósa hvor úr sínum hópi sérstaka kirkjugarðsstjórn. Skipa hana 5 menn, og á hvor safnaðanna þar fulltrúa eftir mannfjölda í hvorum þeirra fyrir sig. Sbr. þó 38. gr.

Hefir kirkjugarðsstjórnin þá á hendi allar skyldur og ábyrgð sóknarnefnda, að því er tekur til kirkjugarðsins.

*Legstaðasjóðir.*

17. gr.

Heimilt er að stofna legstaðasjóði í hverri sókn.

18. gr.

Í legstaðasjóð geta menn lagt fé, sem ávaxtast þar til viðhalds legstaðar þess, er hlutaðeigandi óskar.

19. gr.

Sóknarnefnd hefir á hendi stjórn sjóðsins undir yfirstjórn prófests, og er henni skylt að ávaxta innlögin í Söfnunarsjóði Íslands, þannig, að hver legstaður hafi sérstaka viðskiptabók.

Stofnandi hvers sjóðs skal í samráði við sóknarnefnd setja fyrirmæli um, hvernig verja skuli útborguðu vaxtafé, til viðhalds og endurnýunar legstaðnum, og er sóknarnefnd þá skylt að sjá um, að þeim fyrirmælum sé fylgt.

*Niðurlagðir kirkjugarðar.*

20. gr.

Nú vilja sóknarmenn leggja kirkjugarð niður. Skal sóknarnefnd þá boða til almenns safnaðarfundar og auglýsa í fundarboðinu umræðuefni fundarins og tillögur sínar um það. Er sú ákvörðun gild, sem gerð er með  $\frac{2}{3}$  atkvæða atkvæðisbærra manna á lögætum eða ályktunarfærum safnaðarfundi, ef samþykki prófests og biskups kemur til.

21. gr.

Niðurlagðir kirkjugarðar skulu taldir meðal fornleifa og sér dóms- og kirkjumálaráðuneytið um að friðhelgi þeirra sé lýst á þingi.

22. gr.

Sóknarnefnd lætur gera griphelda girðingu um niðurlagðan kirkjugarð og heldur henni við á kostnað sóknarkirkjugarðsins, á meðan vel sést

til leiða í kirkjugarðinum. Næstu 20 ár, eftir að kirkjugarður hefir verið lagður niður, má þar jarða einstaka menn, ef rúm leyfir og klukka er þar til hringingar, en skylt er þeim, er lætur grafa, að setja trausta girðingu um legstaðinn og leggja hæfilega fjárupphæð í legstaðasjóð, honum til viðhalds.

### 23. gr.

Nú eru liðin meira en 20 ár frá því er kirkjugarður var lagður niður og vill meiri hluti atkvæðisbærra manna á lögmætum safnaðarfundum slétta yfir garðinn og gera að grasreit. Skal það þá heimilt, ef ráðuneytið samþykkir, að fengnum tillögum biskups og fornmenjavarðar.

Eru þá öll minnismerki í garðinum á ábyrgð vandamanna hinna íátnu, en heimilt er þeim að halda slíkum legstöðum óhöggðum, ef þeir halda þar við sómasamlegri girðingu.

Niðurlagðan grafreit má ekki nota til neins þess, er óviðurkvæmilegt er, að dómi prófasts. Ekki má þar neitt jarðrask gera, svo sem með kjallaragreftri eða skurðagerð, fyrr en 100 ár eru liðin frá því, er þar var síðast jarðað. Þó getur ráðuneytið, að fengnum tillögum biskups, veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar liðin eru 60 ár.

Nú hefir ráðuneytið leyft að slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð. Getur það þá mælt svo fyrir, að þau minnismerki, sem þar eru og enginn hirðir um, séu flutt til sóknarkirkjugarðsins á kostnað hans, og komið þar fyrir í garðinum í skipulegri röð, á þeim stað, er prófastur telur bezt fara.

### 24. gr.

Prófastur felur sóknarpresti að gera skrá yfir alla legsteina og minnismerki í niðurlögðum kirkjugörðum, og skal þar öllum merkilegum eða fornum legsteinum lýst sérstaklega. Skrá þessa sendir prófastur biskupi. Leitar kirkjustjórnin þá álits fornmenjavarðar og skal síðan með þá legsteina fara svo sem hún mælir fyrir um.

### 25. gr.

Þar sem sjór brýtur gamla kirkjugarða eða niðurlagður kirkjugarður eyðist af uppblæstri, svo að bein framliðinna koma í ljós, ber prófasti að tilkynna kirkjustjórninni það. Gerir hún fornmenjaverði aðvart og getur hún þá með ráði hans gert þær ráðstafanir, er þurfa þykir. Er sóknarnefnd þá skylt, ef þess er krafizt, að láta færa bein framliðinna til greftrunar í kirkjugarði sóknarinnar, á kostnað kirkjugarðsins.

### *Um líkhús o. fl.*

### 26. gr.

Sóknarnefnd er heimilt, ef safnaðarfundur samþykkir, að láta reisa líkhús við kirkju eða í kirkjugarði, á kostnað kirkjugarðsins. Ennfremur verkamannaskýli í kirkjugarði, eða við hann, með nauðsynlegum þægindum fyrir starfsmenn kirkjugarðsins.

#### 27. gr.

Áður en sóknarnefnd framkvæmir verkið skal hún tilkynna það prófasti, en hann aftur kirkjustjórninni. Felur hún þá húsameistara að gera uppdrátt að byggingunni, og skal síðan fara eftir þeim uppdrætti, eða öðrum, er ráðuneytið samþykkir.

#### 28. gr.

Likhús skal vera úr steinsteypu og með steinsteypu gólfi, eða öðru jafnhentugu til sóttþreinsunar, að dómi héraðslæknis. Skulu veggir og gólf vandlega sléttuð og séð fyrir nægilegri loftræslu. Í likhúsi og verkamanna-skýli skal vera vatnsveita og frárennsli, ef við verður komið.

### *Um fjárhag kirkjugarða.*

#### 29. gr.

Sóknarnefnd er heimilt, að fengnu samþykki safnaðar- og héraðsfundar, að taka upp legkaup i sókn sinni, með samþykkt, er ráðuneytið staðfestir.

Sóknarnefndin innheimtir þá legkaupið gegn 6% innheimtulaunum.

#### 30. gr.

Fyrir hver áramót skal sóknarnefndin gera fjárhagsáætlun fyrir kirkjugarðinn næsta ár.

Nú hrökkva ekki tekjur kirkjugarðsins fyrir útgjöldum, og skal sóknarnefndin þá jafna því, er á vantar, niður á útsvarsgreiðendur í sókninni, sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra, sbr. þó ákvæði 38. greinar.

Þó má hundraðsgjald þetta ekkert ár fara fram yfir 2%, nema safnaðarfundur leyfi.

Nú er í sókn meira en eitt sveitar- eða bæjarfélag, skal þá fyrst skipta gjaldinu niður á þau eftir íbúatölu hvers þeirra innan sóknarinnar.

Eindagi hundraðsgjaldsins er sá sami sem á útsvörum. Innheimtumönnum rikissjóðs í kaupstöðum og oddvitum, eða innheimtumönnum sveitasjóða, er skylt að innheimta hundraðsgjaldið gegn 6% innheimtulaunum, ef sóknarnefnd óskar. Ella innheimtir sóknarnefnd gjaldið gegn sömu þóknun.

#### 31. gr.

Lögtaksréttur fylgir öllum þeim gjöldum, sem mælt er fyrir í lögum þessum.

#### 32. gr.

Um reikningshald kirkjugarðs- og legstaðasjóðs, svo og hvenær reikning skuli senda prófasti, og um ábyrgð sóknarnefndar, gilda sömu ákvæði sem um reikningshald safnaðarkirkna.

### *Um heimagrafreiti.*

#### 33. gr.

Heimilt er ráðherra að veita leyfi til að taka upp heimagrafreiti samkvæmt lögum þessum.

#### 34. gr.

Nú óskar einhver að taka upp heimagrafreiti á jörð sinni, fyrir sig og konu sína og börn þeirra, og sendir hann þá beiðni um það til biskups. Beiðninni skal fylgja vottorð héraðslæknis um að staðurinn sé vel valinn, og ennfremur fullnægjandi skipulagsuppráttur af reitnum, ásamt upprætti af fyrirhugaðri girðingu.

#### 35. gr.

Biskup leggur síðan beiðnina, ásamt fylgiskjölum, fyrir ráðuneytið ásamt tillögum sínum, og getur ráðherra veitt umsækjanda leyfið, ef hann fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

- a. Setur hæfilegt veð fyrir því, að hann reisi í tæka tíð trausta og vandaða girðingu um reitinn samkvæmt upprætti.
- b. Leggur hæfilega fjárhæð, að dómi ráðuneytisins, þó aldrei minna en 600 kr., í legstaðasjóð sóknarkirkjugarðsins, grafreitum til viðhalds, endurnýjunar og eftirlits.
- c. Greiðir öll gjöld til kirkjugarðs sóknar sinnar, svo sem aðrir menn í sókninni.

#### 36. gr.

Sóknarnefnd varðveitir viðskiptabækur legstaðasjóðs til viðhalds heimagrafreitum í sókninni, undir yfirstjórn prófasts. Er henni skylt að sjá um viðhald heimagrafreita í sókninni, ef vandamenn hinna látnu flytjast burt eða falla frá, og gilda þar um sömu reglur sem um viðhald þeirra legstaða í kirkjugarði, sem legstaðasjóður er lagður til.

#### 37. gr.

Prófasti er skylt að hafa eftirlit með heimagrafreitum á yfirreiðum sínum.

Ferðakostnað prófasts til eftirlits með heimagrafreit greiðir jarðareigandi, nema biskup leyfi, að hann megi greiða af útborguðum vöxtum legstaðasjóðs.

Skjóta má ferðakostnaðarreikningi prófasts til úskurðar kirkjustjórnar.



### *Um grafreiti utanþjóðkirkjumanna.*

#### **38. gr.**

Heimilt er viðurkenndum söfnuðum utan þjóðkirkjunnar að taka upp sérstakan grafreit, með samþykki ráðuneytisins.

Setur ráðuneytið þá safnaðarstjórninni allar hinar sömu reglur um skipulag, umgengni og viðhald slíkra grafreita, sem sóknarnefndum þjóðkirkjusafnaða, að því er við á. Safnaðarmenn utanþjóðkirkjusafnaða, er hafa sérstakan grafreit, eru ekki skyldir að greiða hundraðsgjald til kirkjugarðs sóknarinnar, meðan þeir halda reitnum sómasamlega við og fylgja settum reglum.

### *Um reglugerð, samþykktir o. fl.*

#### **39. gr.**

Ráðuneytið gefur út reglugerð um kirkjugarða í samráði við biskup. Skal þar setja nánari ákvæði og leiðbeiningar um ýmis atriði, er snerta kirkjugarða, svo sem um umgengni þeirra, útmælingu legstaða, ættargrafreiti, tilhögun á greftri o. fl. þess háttar.

#### **40. gr.**

Sóknarnefndum er heimilt, með leyfi safnaðar- og héraðsfundar, að setja nánari ákvæði um kirkjugarð og greftrun í samþykkt, er ráðherra staðfestir, samkvæmt tillögum biskups. Má þar setja ákvæði um legkaup, gjald fyrir grafkapellur og um gerð þeirra, lokunartíma kirkjugarða í kaupstöðum og það annað, sem nauðsynlegt þykir að haga eftir staðháttum.

#### **41. gr.**

Brot gegn lögum þessum varða sektum 10—500 kr., enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Mál, sem rísa kann út af lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

#### **42. gr.**

Með lögum þessum eru úr gildi númerin lög nr. 39, 8. nóv. 1901, um kirkjugarða og viðhald þeirra, lög nr. 29, 15. júní 1926 um líkhús. Ennfremur eru afnumin öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

#### **43. gr.**

Meðan verið er að koma lögum þessum í framkvæmd er ráðuneytinu heimilt að taka sérfróðan mann, sér til aðstoðar, til að veita nauðsynlegar leiðbeiningar.

## A t h u g a s e m d i r .

Alkunna er, hve víða er áfátt um viðhald og hirðingu kirkjugarða, svo að nærri heggur þjóðarskömm sumstaðar. Veldur því bæði rótgróinn vani og sinnuleysi almennings, svo og erfið aðstaða sóknarnefnda, þar sem þær hafa óvíða átt kost á leiðbeiningum og löggjöfin eigi heldur veitt þeim þá aðstoð sem skyldi.

Þó hafa prestar og sóknarnefndir víða beitt sér fyrir umbótum, einkum hin síðustu ár, svo að allvíða sér þess merki.

En einmitt þær sóknarnefndir, sem helzt hafa unnið að umbótum, hafa fundið tilfinnanlega til ýmsra ágalla í löggjöf vorri um kirkjugarða. Og hafa kirkjumálanefndinni borizt um það kvartanir frá einstökum sóknarnefndum.

Í frumvarpi þessu er reynt að bæta úr þeim göllum, er framkvæmdar-sömum sóknarnefndum hafa þótt tilfinnanlegastar á núverandi löggjöf í þessu efni. Og hefir verið reynt að sniða frumvarp þetta eftir því, sem við getur átt, bæði í fjölmönnum kaupstöðum og sveitum.

Umbætur í þessu efni eru fyrst og fremst menningarmál.

Á því byggist nú meginhugsun frumvarpsins, að allir menn, utan þjóðkirkjunnar sem innan hennar, hafi jafnan rétt til legstaða í kirkjugarði, og beri þar af leiðandi jafnar skyldur, nema þeir séu í viðurkenndum söfnuði, sem óskar að vera sér um grafreit.

Eru kirkjugarðarnir þá eigi kirkjumál einvörðungu, heldur verða þeir jafnframt að teljast til heilbrigðis- og menningarmála byggðarlagsins. Á þeirri hugsun byggjast kvaðir þær, sem lagðar eru á sveitar- og bæjarfélög samkvæmt frumvrpi þessu, enda eru þær í samræmi við og í beinu framhaldi af lagasetningum síðasta Alþingis, sbr. lög nr. 13, 14. júní 1929.

Þar sem frumvarpið er byggt á þeim grundvelli, að allir menn, utan þjóðkirkjunnar og innan, hafi sama rétt og skyldur, að því er tekur til kirkjugarðanna, þá leiðir þar af, að kirkjugarðar verða að hafa sérstakt reikningshald og sérstakan fjárhag, einnig þar, sem sóknarkirkjan er safn-aðarkirkja.

En þótt fjárhagur kirkju og kirkjugarðs sé aðskilinn, þykir sjálfsagt, að sóknarnefndirnar hafi áfram umsjón kirkjugarða og fjárhald. Hafa bæjar- og sveitarsjórnir þegar ærin verkefni, en ef fela ætti umsjón kirkjugarðanna sérstökum nefndum, mundu þær nefndir, eða kirkjugarðsstjórnir, oftast skipaðar sömu mönnum sem sóknarnefndirnar. Þar sem rétt þykir að kirkjugarðar séu áfram í umsjón sóknarnefndanna, verður próföstum og biskupi að bera öll yfirumsjón, enda er í frumvarpi þessu all-mjög hert á eftirlitsskyldu prófastanna.

Augljóst er, að öllum hinum nauðsynlegustu umbótum verður ekki komið fram með lagasetningu einni saman. En þar sem áhugi er víða að vakna meðal sóknarnefnda og safnaða í þessu efni, virðist rétt að lög-gjafarvaldið styðji að þeirri viðleitni með löggjöf í þá átt, er áhugasamir söfnuðir hafa óskað.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í grein þessari felst megin-hugsun frumvarpsins, að í kirkjugörðum þjóðkirkjunnar eigi menn rétt til legstaðar hvernar trúar sem eru. Þar af leiðir, að allir hafa sömu skyldur gagnvart kirkjugarði sóknar sinnar, hvort sem þeir eru í þjóðkirkjunni eða utan hennar, nema þeir séu í utanþjóðkirkjusöfnuði, er hefir sérstakan grafreit.

Samkvæmt Kristnirétti Árna biskups 11. kap., sem enn er í gildi að þessu leyti, veitir lögheimili innan sóknar ekki rétt til legstaðar í kirkjugarði sóknarinnar, ef maður andast utan sóknar. Þykir því rétt að setja fyllri ákvæði hér að lútandi, svo og um sjórekna menn og þá, er í örafum andast.

Um 2.—3. gr.

Þar sem réttur til legstaðar í kirkjugörðum er samkvæmt frumvarpi þessu ekki bundinn við það, að menn séu meðlimir þjóðkirkjunnar, þykir ekki rétt að kirkja og kirkjugarðar hafi sameiginlegan fjárhag, enda getur það valdið erfiðleikum í framkvæmd, sérstaklega í stórum kaupstöðum.

Þykir því sjálfsagt, að hver kirkjugarður sé sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi. Hinsvegar er talið rétt, að fela söfnuðum umsjón kirkjugarða og ábyrgð, en ekki t. d. sveitar- eða bæjarstjórnnum, er hafa með höndum svo margskonar óskyld störf.

Sjálfsagt þykir að fela biskupi eftirlit með því, að söfnuðir gæti skyldu sinnar.

Um 3. gr.

1. Ákvæðin í 1. lið um kirkjugarðsstæði eru í samræmi við lög nr. 13, 14. júní 1929 um kirkjugarðsstæði í Reykjavík, og kemur væntanlega eigi til framkvæmda, nema í þeim kaupstöðum, sem hinar fornu kvaðir á jörðum, þar sem kirkjur standa, ná eigi til.
2. Þar sem sveitar- eða bæjarfélagi er gert að skyldu að leggja til ókeypis *hæfílegt* kirkjugarðsstæði, verður því að bera skylda til að bæta úr því, sem á vantar að svo sé.
3. Vegur að kirkjugarði verður að teljast almenningi jafn-nauðsynlegur sem hreppa- og bæjarvegir. Síðari málsgrein í 3. lið tekur væntanlega aðeins til kaupstaðanna.
4. Þar sem nægilegt vatn til vökvunar er svo nauðsynlegt skilyrði blóma- og trjáræktar, sem ætti að vera höfuðþrýði kirkjugarða, þykir þetta ákvæði nauðsynlegt.

Um 4.—6. gr.

Virðast eigi þurfa skýringa.

Um 7. gr.

Þó að safnaðarfundur hafi ákvörðunarvald um upptöku kirkjugarðs eða stækkun, þykir rétt að veita prófasti úrskurðarvald, ef söfnuður vanrækir skyldur sínar í því efni, þegar gamall kirkjugarður er útgrafinn.

Sjálfsgagt þykir, að setja fyrirmæli um skipulag nýrra kirkjugarða og þykir það auðveldara til eftirlits að upprættir séu sendir á einn stað til staðfestingar.

Ef eigi eru í einhverri sveit hæfir menn til að gera upprætti þessa, mun þess jafnan vera kostur að fá til þess trúnaðarmann Búnaðarfélags Íslands, er hann er á ferð um sveitina.

#### Um 8. gr.

Þar sem nýr kirkjugarður er fyrir skömmu upptekinn, eða eldri kirkjugarður verður notaður til verulegrar frambúðar, þykir rétt að stuðla að skipulegum greftri í honum með því, að láta sóknarnefnd í té ókeypis góðan skipulagsupprætt. Og ber prófasti að sjá um að greftri sé hagað samkvæmt þeim upprætti.

#### Um 9.—10. gr.

Virðast eigi þurfa skýringa.

#### Um 11. gr.

Ræðir um hirðingu og umgengni kirkjugarða. Þykir óhjákvæmilegt að sóknarnefndir geti veitt þeim hlutaðeigendum nokkurt aðhald, er vanrækja að hirða um legstaði ættmanan sinna eða vandamanna, svo að óþrýði sé að.

#### Um 12. gr.

Ef grafkapellur eru ekki bannaðar, sem þykir, ef til vill, of mikil takmörkun á frelsi einstaklingsins, þá virðist rétt að heimila sérstakt gjald af þeim, og setja reglur um, að þær séu reistar í sérstökum röðum, þar sem bezt þykir fara, svo að þær spilli eigi heildarsvip garðsins.

Þar sem lög nr. 41, 3. nóv. 1915 veita heimild til að setja í reglugerð þau ákvæði um líkbrennslu, er nauðsynleg þykja, virðist eigi ástæða til að taka fram annað, en hér er gert, um bálfarleifarnar.

#### Um 13. gr.

Ákvæði þessi þykja nauðsynleg í kaupstöðum. Ákvæði í 5. lið veitir útfararstjórum aðhald um verðlag.

#### Um 14.—15. gr.

Þar sem vel hirtur blóma- og trjágróður er hin kostnaðarminnsta, en fegursta þrýði í hværrjum kirkjugarði, þykir rétt að stuðla að því og hvetja menn til þeirrar ræktarsemi, þann veg, sem hér er gert.

Þykir og sennilegt, að það örvi menn til meiri blóma- og trjáræktar yfirleitt, einkum þar sem líklegt má telja, að sóknarnefndir feli ungmennafélögum að annazt gróðursetningu trjáplantanna og hirðingu þeirra.

#### Um 16. gr.

Þó söfnuðum utan þjóðkirkjunnar sé veitt heimild til að taka upp sérstakan grafreit, sbr. 38. gr., þykir rétt að fjölmennir utanþjóðkirkjúsöfnuðir, er vilja nota kirkjugarð sóknarinnar, fái rétt til að taka þátt í stjórn kirkjugarðsins, að tiltölu við mannfjölda.

#### Um 17.—19. gr.

Legstaðasjóðir eru nýmæli. En þar sem vitað er, að ýmsir vilja gefa nokkurt fé til varðveislu legstaða sinna, eða sinna nánustu, ef einhverjum aðilum bæri skylda til að sjá um að því fé yrði varið samkvæmt tilgangi gefanda, þá þykir rétt að setja þessi ákvæði. Er sóknarnefndum þar með gert að skyldu að annast um að fyrirmælum gefanda sé fylgt.

Líklegt er og, að ýmsir stofnendur legstaðasjóða setji þau ákvæði í stofnskrá, að er sjóðurinn hafi náð tiltekinni fjárhæð megi verja meiri eða minni hluta vaxtanna á annan veg til minningar um látinn ástvin.

#### Um 20.—25. gr.

Þótt viðá hafi verið áfátt um hirðingu kirkjugarðanna, hefir þó yfirleitt mest kveðið að vanrækslu niðurlagðra kirkjugarða. Hefir það að vonum oftlega sært tilfinningar þeirra manna, er þar eiga leiði dáiinna vandamanna, svo sem foreldra eða ömmu og afa, þótt þeir hafi ekki fengið rönd við reist, þar sem löggjafarvaldið hefir veitt þeim litla aðstoð. Er því nokkuð hert á eldri ákvæðum um varðveislu þeirra kirkjugarða, sem lagðir eru niður. Ennfremur er fornmenjaverði veitt hægari aðstaða til eftirlits með verndun menja í niðurlögðum kirkjugörðum.

#### Um 26.—28. gr.

Ræða um líkhús, verkamannaskýli í kirkjugarði o. fl. Eru ákvæðin miðuð við staðhætti í stærstu kaupstöðum landsins, aðallega í Reykjavík.

#### Um 29.—32. gr.

Ræða um fjárhag og reikningshald kirkjugarða. Þar sem 1. gr. frumvarspsin veitir öllum mönnum, hveurrar trúar sem eru, jafnan rétt til legs í kirkjugarði, þykir og rétt að allir beri jöfn gjöld til kirkjugarðs, eftir efn-um og ástæðum hvers eins, svo fremi þeir séu ekki í viðurkenndu trúarfélagi utan þjóðkirkjunnar, er hafi sérstakan grafreit fyrir safnaðarmeðlimi sína. Eigi þykir rétt að lögbjóða nefgildisskatt til kirkjugarðs, og er hér því lagt til niðurjöfnunargjald, og þykir einfaldast að því sé jafnað niður sem hundraðsgjaldi af útsvörum, og gjalddagi hinn sami sem á þeim.

Til þess að síður þurfi að taka lán það ár, sem kirkjugarður er byggður að nýju, þykir rétt að setja hámark hundraðsgjalds allt að 2% af útsvörum. En venjulega mundi hundraðsgjaldið eigi verða nema litill hluti af þeirri upphæð.

Þar sem gjald þetta yrði venjulega mjög lágt á hvern mann, og gjald-

dagi hinn sami sem á útsvörum, þykir hentara að sóknarnefnd geti falið oddvitum innheimtuna, ef hún óskar, gegn 6% þóknun.

En þótt telja verði hundraðsgjaldið henn réttlátasta gjaldmáta, þykir þó rétt að veita einstökum söfnuðum heimild til þess að taka upp legkaup, svo sem segir í 29. gr.

#### Um 33.—37. gr.

Eigi þykir rétt að banna með öllu upptöku heimagrafreita. En þar sem eigendaskipti eru svo tíð á jörðum og nýr eigandi sýnir að jafnaði litla rækt gömlum heimagrafreit á jörð hans, þykir rétt að setja allströng skilyrði fyrir leyfum til upptöku nýrra heimagrafreita og þó sérstaklega að heimta gilda tryggingu fyrir viðhaldi þeirra.

Áður hafa a. m. k. 6 hundruð í jörðu verið sett að veði fyrir viðhaldi. En þar sem það getur oft komið sér illa fyrir þann, er siðar verður eigandi jarðarinnar, að hún sé þannig veðbundin, er lagt til, að sá, er beiðist leyfis til að taka upp heimagrafreit skuli í þess stað leggja a. m. k. 600 kr. í legstaðasjóð grafreitnum til viðhalds. Er þann veg reynt að koma í veg fyrir, að einn maður geti bundið jörð sinni ævarandi bagga með upptöku heimgrafreits.

#### Um 38. gr.

Þykir rétt að veita heimild til þessa, einkum vegna utanþjóðkirkjusafnaða, er kynnu að reisa sér guðsþjónustuhús allfjarri sóknarkirkjunni.

#### Um 39.—41. gr.

Virðast eigi þurfa skýringa.

#### Um 42. gr.

Auk laga nr. 39, 1901, og laga nr. 29, 1926, eru nokkur ákvæði í lögum nr. 20, 1890 um innheimtu og meðferð á kirknafé, og í lögum nr. 40, 1909 um sóknargjöld, sem snerta fjárhald kirkna og kostnað við kirkjugarða og viðhald þeirra, en eigi þykir ástæða til að telja þessi ákvæði upp lið fyrir lið og afnema þau sérstaklega, með því að þetta getur ekki valdið neinum vafa eða ágreiningi.

#### Um 43. gr.

Þótt allt aðalstarfið við framkvæmd laga þessara hvíli á biskupi, próföstum og sóknarnefndum, þá verður oft ekki hjá því komizt að leita sérfróðs manns um ýmsar leiðbeiningar. Þykir því rétt að ráðuneytið hafi heimild til þessa.